

Í vitstola veröld hatrammra heimsveldissinna. Árás á Ísrael og Rússland

Bandarísk yfirvöld og allir forsetaframbjóðendur í landi hinna hugprúðu og frjálssu hafa hvergi farið í grafgötur með gildi Ísraels fyrir heimsvaldastefnu sína í Miðausturlöndum.

Útþenslu- og stríðsáætlun þeirra, „Hreini skurðurinn“ (Clean Cut), er enn í fullu gildi. Skorið hefur verið í Írak og Sýrlandi, enda þótt skurðurinn sé hvergi nærri hreinn. Því verki er ólokið. Frelsi, öryggi og lýðræði, er hvergi nærri tryggt. En það var yfirlýstur tilgangur árása á ríkin. Olían er kaupauki.

Nýlega birtist í tímariti alheimsauðvaldsins í Bandaríkjunum, „Utanríkismálum“ (Foreign Affairs) skuggaleg grein með titlinum, „Réttan leiðin til að ljúka stríðinu í Úkraínu“ (The Right Way to Quickly End the War in Ukraine). Svárið er kjarnorkuvopnastríð gegn Rússum.

Áætlun Bandaríkjanna um beitingu kjarnorkuvopna, frá því um síðustu aldamót, er skýr. Þegar verja þarf öryggi ríkisins (self defense) má beita þeim í varnarskyni (pre-emptive). Úkraínumenn sjá um varnir Bandaríkjanna og Nató í heimalandi sínu. Nýlega fengu þeir F16 orrustuþotur, sem geta borið kjarnorkuvopn. Rússar hafa lýst þær réttmæt skotmörk.

Úkraínumenn hafa sóst eftir umræddum vopnum í tvö ár u.þ.b. Það leiddi til þess, að Rússar og Hvít-Rússar skerptu sinn viðbúnað. Enn þá segjast Rússar þó einungis munu beita kjarnorkuvopnum, verði þeir fyrir kjarnorkuvopnaárás. Kjarnorkuvopn eru væntanlega þegar komin í skotstöðu í Póllandi. Þetta er leikur að eldinum.

Eins og allir vita er öryggi Bandaríkjanna ógnað bæði hér og þar og frjálsslega farið með skilgreiningar. Í áætluninni er getið um um Rússa og Kínverja, sem sitt á hvað eru skilgreindir erkióvinir Bandaríkjanna og Nató. „Öxulveldi hins illa“ eru líka talin upp; Afganistan, Írak, Íran og Sýrland eru þar á meðal. Nú er sum sé komið að Íran.

Í því efni hefur dregið til tíðinda, eftir að Brjálaði-Bensi var tilbeðinn á bandaríska þinginu og lofað stuðningi við stríðsrekstur sinn í Miðausturlöndum, svo færa megi út kvíar Ísraelsríkis og ræna auðlindum grannríkja.

Nú er komið að „hreinum skurði“ í Líbanon og Íran, þrátt yfir að hann hafi mistekist í Írak og Sýrlandi og heimveldisstefna samrunaheimsveldis Bandaríkjamann og Ísraels njóti ekki lengur sama stuðnings og þegar áætluninni var ýtt úr vör.

Ísraelar hafa plægt akurinn ötullega. Nýleg morð á einum forystumanna Hamas, Ismail Haniyeh, í Teheran, og herföngja Hesbolla í Líbanon, Fuad Shukur, eru órækar stríðsyfirlýsingar. Og stríð fá þeir með þátttöku Bandaríkjamann og Brets. Herskipfloti Bandaríkjamanna vaggar á Persaflóa og við innanvert Miðjarðarhaf.

Sagnfræðingurinn, Anton Chaikin, er meðal margra sem vara við þessari vitfirringu. Hann segir bandarísk yfirvöld ekki vinna í þágu almennings: „Þau starfa á vegum hóps, sem hefur gífurleg völd og ógnar tilvist mannkyns.“

Vitfirrt yfirvöld Ísraels búa nú þjóðina undir árás bandalags andstöðuríkja; Palestínu, Jemens, Íraks, Líbanon og Írans. Sýrlendingar gætu slegist í hópinn, enda stór hluti lands þeirra hernuminn af Ísrael og Bandaríkjunum.

Stór flugfélög á borð við Lufthansa, United, Delta og Swiss, hafa aflýst flugi til Ísraels.

Vesturlönd láta skeika að sköpuðu. Rússar hafa á vettvangi Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna gert örvæntingarfulla tilraun til að halda aftur af Ísrael og Bandaríkjunum með því að fordæma morðið á Ismail Haniyeh, sem vafalítið hefur verið framið í vitorði með yfirvöldum í Bandaríkjunum. Vesturveldin beittu neitunarvaldi – vitaskuld.

Það ber ekki á öðru, en að trúarbrjálæðingunum, sem predika tortímingu heimsins, svo Guð almáttugur geti snúið aftur til að frelsa mannkyn, verði að ósk sinni. Þá er að finna í Alheimsefnahagsráðinu (World Economic Forum) og öllum Abrahamstrúarbrögðum (Gyðingdómi, Kristni og Múhammedstrú).

Hugsanlega má líta á yfirvofandi fjármálakreppu í þessu samhengi. Forseti Bandaríkjanna og Alheimsefnahagsráðið, sem rúmar fulltrúa hergagnaiðnaðarins og aðra flugumenn hans í stjórn máli, hefur „lofað“ okkur að byggt verði betur og Paradís endurræst á rústum eyðileggingarinnar.

https://michelchossudovsky.substack.com/p/secret-plan-outlines-unthinkable?utm_source=post-email-title&publication_id=1910355&post_id=147368798&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

<https://geopolitiq.substack.com/p/israel-on-a-rampage>

<https://expose-news.com/2024/08/05/global-stock-markets-slump-and-unrest-in-the-uk/>

https://geopoliticeconomy.substack.com/p/debt-political-wealth-flows-poor-rich?utm_source=post-email-

[title&publication_id=457596&post_id=147352506&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email](https://www.globalresearch.ca/russia-nuclear-exercises-dutch-f-16-ukraine/5864451)

<https://www.globalresearch.ca/russia-nuclear-exercises-dutch-f-16-ukraine/5864451>

<https://www.globalresearch.ca/pipe-dreams-american-voters/5864500>

[https://geopolitiq.substack.com/p/so-spoke-sayyed-hassan-](https://geopolitiq.substack.com/p/so-spoke-sayyed-hassan-nasrallah?utm_source=post-email-)
[nasrallah?utm_source=post-email-](https://geopolitiq.substack.com/p/so-spoke-sayyed-hassan-nasrallah?utm_source=post-email-)

[title&publication_id=2232768&post_id=147252306&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=103ae5&triedRedirect=true&utm_medium=email](https://tass.com/world/1823869)

<https://tass.com/world/1823869>

[https://www.globalresearch.ca/hamas-leader-killed-iran-inflame-sectarian-](https://www.globalresearch.ca/hamas-leader-killed-iran-inflame-sectarian-conflict/5864537)
[conflict/5864537](https://www.globalresearch.ca/hamas-leader-killed-iran-inflame-sectarian-conflict/5864537)

[https://steigan.no/2024/08/hezbollah-angriper-israelsk-militaerhovedkvarter-](https://steigan.no/2024/08/hezbollah-angriper-israelsk-militaerhovedkvarter-forsmak-pa-offensiven/?utm_source=substack&utm_medium=email)
[forsmak-pa-offensiven/?utm_source=substack&utm_medium=email](https://steigan.no/2024/08/hezbollah-angriper-israelsk-militaerhovedkvarter-forsmak-pa-offensiven/?utm_source=substack&utm_medium=email)

[https://matthewehret.substack.com/p/an-emergency-public-service-](https://matthewehret.substack.com/p/an-emergency-public-service-announcement?utm_source=post-email-)
[announcement?utm_source=post-email-](https://matthewehret.substack.com/p/an-emergency-public-service-announcement?utm_source=post-email-)

[title&publication_id=260045&post_id=147329727&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email](https://finance.yahoo.com/news/israel-braces-attack-iran-us-004159249.html)

<https://finance.yahoo.com/news/israel-braces-attack-iran-us-004159249.html>

[https://www.timesofisrael.com/idf-document-shared-with-northern-mayors-sets-out-](https://www.timesofisrael.com/idf-document-shared-with-northern-mayors-sets-out-hezbollah-war-scenarios/)
[hezbollah-war-scenarios/](https://www.timesofisrael.com/idf-document-shared-with-northern-mayors-sets-out-hezbollah-war-scenarios/)

<https://www.axios.com/2024/08/01/us-iran-israel-attack-preparation>

[https://steigan.no/2024/08/usa-sender-krigsskip-til-midtosten-og-utsteder-](https://steigan.no/2024/08/usa-sender-krigsskip-til-midtosten-og-utsteder-sikkerhetsvarsel/?utm_source=substack&utm_medium=email)
[sikkerhetsvarsel/?utm_source=substack&utm_medium=email](https://steigan.no/2024/08/usa-sender-krigsskip-til-midtosten-og-utsteder-sikkerhetsvarsel/?utm_source=substack&utm_medium=email)

[https://www.whitehouse.gov/briefing-room/statements-](https://www.whitehouse.gov/briefing-room/statements-releases/2024/08/01/readout-of-president-joe-bidens-call-with-prime-minister-netanyahu-of-israel-7/)
[releases/2024/08/01/readout-of-president-joe-bidens-call-with-prime-minister-](https://www.whitehouse.gov/briefing-room/statements-releases/2024/08/01/readout-of-president-joe-bidens-call-with-prime-minister-netanyahu-of-israel-7/)
[netanyahu-of-israel-7/](https://www.whitehouse.gov/briefing-room/statements-releases/2024/08/01/readout-of-president-joe-bidens-call-with-prime-minister-netanyahu-of-israel-7/)

<https://www.youtube.com/watch?v=wEr3f5yt4m4>

[https://www.globalresearch.ca/america-great-nation-](https://www.globalresearch.ca/america-great-nation-if/5864490?doing_wp_cron=1722870598.1193289756774902343750)
[if/5864490?doing_wp_cron=1722870598.1193289756774902343750](https://www.globalresearch.ca/america-great-nation-if/5864490?doing_wp_cron=1722870598.1193289756774902343750)

<https://www.foreignaffairs.com/ukraine/right-way-quickly-end-war-ukraine>

https://steigan.no/2024/08/biden-forteller-netanyahu-at-usa-vil-forsvare-israel-lover-nye-militaere-utplasseringer/?utm_source=substack&utm_medium=email